

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársskýrsla
2016



Ársskýrsla Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Ritstjórn og ábyrgð: Þórhildur Þorsteinsdóttir
Gerð ársreiknings: Jón G. Guðbjörnsson, Þórhildur Þorsteinsdóttir
Samantekt taflna ofl.: Þórhildur Þorsteinsdóttir
Endurskoðun ársreiknings: Ríkisendurskoðun/Sigurgeir Bóasson

Forsíða: Norðurljós yfir Borgarfirði / Sigurjón Einarsson

Umbrot: Þórunn Edda Bjarnadóttir
Prentun: Leturprent, Dugguvogi 12, Rvk.

1. INNGANGUR

Framleiðnisjóður landbúnaðarins starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að „veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum.“ Landbúnaðarráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Skulu tveir menn tilnefndir af landbúnaðarráðherra, tveir af Bændasamtökum Íslands og einn af ráðherra byggðamála. Stjórn Framleiðnisjóðs tekur ákvarðanir um veitingu styrkja og lána úr sjóðnum á grundvelli umsókna er honum berast.

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eru starfsfé í samræmi við samning sem landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gera samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998. Aðrar tekjur Framleiðnisjóðs eru vaxta- og umsýslutekjur.

2. STJÓRN OG STARFSMENN

Í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sitja nú með skipunartíma til 15. janúar 2017:

Ríkharð Brynjólfsson, Hvanneyri, form., tilnefndur af Atvinnu- og nýsköpunarráðherra

Elín Aradóttir, Hólabaki, A.-Hún., tilnefnd af Atvinnu- og nýsköpunarráðherra

Björn Halldórsson Akri, Vopnafirði, tilnefndur af Atvinnu- og nýsköpunarráðherra

Guðný Helga Björnsdóttir, Bessastöðum, V.-Hún., tilnefnd af Bændasamtökum Íslands

Sveinn Ingvarsson, Reykjahlíð, Árn., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

Varamenn í stjórn Framleiðnisjóðs eru skipaðir í sömu röð tilnefninga:

Hanna Dóra Hólm Másdóttir, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, Reykjavík

Sigríður Jóhannesdóttir, Gunnarsstöðum, Þistilfirði

Faney Ólöf Lárusdóttir, Kirkjubæjarklaustri

Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir, Egilsstöðum

Jóhannes Sigfússon, Gunnarsstöðum, Þistilfirði

Framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er Þórhildur Þorsteinsdóttir og er eini starfsmaður sjóðsins. Framleiðnisjóður leigir húsnæði til starfsemi sinnar í skrifstofubyggingu Borgarlands ehf. við Hvanneyrargötu 3 á Hvanneyri.

3. STARF FRAMLEIÐNISJÓÐS 2016

Meginúthlutun styrkja úr sjóðnum á árinu 2016 fór fram á vordögum en kallað var eftir umsóknum með umsóknarfresti til 18. janúar 2016 (sjá nánar 6. kafla).

Stjórn Framleiðnisjóðs hélt nú formlega fundi á árinu 2016. Þar af voru fjórir síma-

fundir og hefur sá háttur reynst vel og sparað fé og fyrirhöfn á milli hefðbundinna fundahalda.

Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri fóru kynnisferð um Vesturland og heimsóttu marga aðila sem hafa átt eða eiga samskipti við sjóðinn vegna styrkveitinga til nýbreytni og atvinnusköpunar. Þessar árlegu ferðir sjóðsstjórnar eru liður í eftirfylgni og aðhaldi af hennar hálfu gagnvart viðskiptavinum sjóðsins en einnig stjórnarmönnum til gagns í þeirra störfum.

Að venju voru ýmsir fundir haldnir með einstaklingum og fulltrúum aðila er óskað höfðu liðsinnis Framleiðnisjóðs eða áttu við hann önnur erindi. Einnig sóttu formaður og framkvæmdastjóri fundi og aðra viðburði eftir efnunum og ástæðum.

Vert er að nefna að í tilefni af 50 ára afmælis sjóðsins á árinu styrkti sjóðurinn sérstaklega tvö verkefni á sviði kynningar- og fræðslumála. Meginmarkmið þessara styrkveitinga var að stuðla að eflingu ímyndar íslensks landbúnaðar og að auka þekkingu og aðgengi að vönduðum upplýsingum um íslenska búvöruframleiðslu í fortíð og framtíð. Annars vegar var um að ræða stuðning við útgáfu nýs fræðsluefnis fyrir almenning og leiðsögumenn sem vistað verður á uppfærðri vefsíðu bondi.is. Hins vegar var stutt við yfirfærslu efnis sem vistað hefur verið á vefnum landbunadur.is. yfir í gagnagrunn Landsbókasafnsins (tímarit.is).

Framleiðnisjóður heldur úti heimasíðu (www.fl.is), en þar er að finna upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans, fréttir og tilkynningar svo og umsóknareyðublöð. Árskýrslur sjóðsins 1998-2015 eru sömuleiðis aðgengilegar á heimasíðu hans. Þær hafa einnig verið gefnar út prentaðar í takmörkuðu upplagi en megin hluta þess er dreift til búnaðarþingsfulltrúa, alþingismanna og til nokkurra stofnana. Styrkir Framleiðnisjóðs eru auglýstir með reglubundnum hætti í Bændablaðinu enda nær sá miðill afar vel til markhópa sjóðsins. Þá hafa önnur tilefni verið nýtt, þegar gefist hafa eða óskað hefur verið eftir kynningu á sjóðnum og starfsemi hans.

4. STARFSREGLUR FRAMLEIÐNISJÓÐS 2016

Starfsreglur og fjárhagsáætlun ársins 2016 voru byggðar á bókun með gildandi Búnaðarlagasamningi þar sem sjóðnum er settur eftirfarandi rammi á samningstímanum. Bókunin markar áherslur sjóðsins og hljóðar svo:

I. Efling kornræktar:

- a. Framleiðnisjóður stuðli að eflingu kornræktar m.a. með stuðningi við grunnfjárfestingar til markaðsfærslu á íslensku korni.
- b. Framleiðnisjóður styðji við stofnræktun á sáðbyggi, kynbættu fyrir íslenskar aðstæður, samkvæmt samningi við Landbúnaðarháskóla Íslands.

II. Framleiðnisjóður verði leiðandi stuðningsaðili við þróunar- og nýsköpunarstarf landbúnaðarins m.a með:

- a. Stuðningi við rannsóknarstarf og aðra þekkingaröflun í greininni.
- b. Stuðningi við nýsköpunar- og þróunarstarf í greininni.
- c. Stuðningi við sérstakt orkuátak í greininni, sem ætlað verði að bæta orkunýtingu

og auka hlut innlendrar orku til landbúnaðarnota.

- d. Stuðningi við sérstakt átak til að efla og bæta búrekstur. Því verði m.a. ætlað að auka framleiðni, bæta afkomu, stuðla að fjölpættari nýtingu bújarða og fjölga atvinnutækifærum.

Framleiðnisjóður leggur áherslu á að fjármagn sjóðsins verði til viðbótar framlögum frá ábyrgðaraðilum verkefnanna, bæði eigin fjár og því sem þeir kunna að afla frá öðrum.

Framleiðnisjóður hvetur jafnt konur sem karla til að senda umsóknir um fýsileg verkefni til sjóðsins.

5. FJÁRMUNIR OG RÁÐSTÖFUN ÞEIRRA 2016

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árinu voru alls 124,4 m.kr. Þar af nam framlag ríkis skv. fjárlögum 116,0 m.kr. Fjármunatekjur námu 8,4 m.kr.

Eins og fyrri ár var óhöfnum framlögum endurráðstafað, að upphæð 6,7 m.kr., en það eru framlög sem samþykkt voru á árunum 2015 og fyrr en hafa ekki verið sótt. Sjóðurinn hefur fylgt þeirri reglu sinni frá árinu 2011, að fyrna styrkloforð á einu ári frá úthlutun, sé ekkert farið að framkvæma samkv. umsókn.

Samþykkt framlög úr Framleiðnisjóð námu 119,2 m.kr. Á árinu 2016 nam rekstrar-kostnaður Framleiðnisjóðs alls 19,1 m.kr. samanborið við 18,3 m.kr. árið 2015. Sjóðurinn er gerður upp með 7,2 m.kr. tekjuhalla.

Eignir Framleiðnisjóðs í árslok 2016 námu 237 m.kr., allt innistæður í bankastofnunum en á móti koma óhafin framlög (loforð um styrki) og umsýslufé 174,9 m.kr. Eigið fé Framleiðnisjóðs var 62,2 m.kr. í árslok 2016.

Um fjárhag Framleiðnisjóðs er að öðru leyti vísað til ársreiknings hans sem fylgir þessari skýrslu og skýringa við hann. Ársreikningur Framleiðnisjóðs er gerður upp á rekstrargrunni.

6. UMSÓKNIR OG ERINDI 2016

Á árinu 2016 tók stjórn Framleiðnisjóðs alls fyrir 83 aðsend erindi. Af þeim voru 21 umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum (B-mál) en 62 töldust til rannsókna og þróunarverkefna (A-mál), eða fræðslutengdra viðfangsefna.

Stjórn Framleiðnisjóðs afgreiddi á árinu 53 erindi með fyrirheiti um fjárstuðning. Af þeim voru 19 vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 34 rannsókna og þróunarverkefna sem og fræðslutengdra viðfangsefna. Synjað var 2 erindum úr fyrri flokknum. Úr síðari flokknum var 28 erindum synjað, þau viku í forgangsröð eða voru talin utan starfssviðs sjóðsins.

7. HELSTU VERKEFNI SEM STUÐNINGS NUTU

Hér verður getið helstu viðfangsefna sem Framleiðnisjóður samþykkti stuðning við á árinu 2016. Skrár um einstök framlög, sem sjóðurinn samþykkti að veita einstaklingum, stofnunum og samtökum, er að finna í 4. og 5. töflu hér aftar. Einnig er vísað til ársreiknings sjóðsins og skýringa með honum.

a) Hagræðingar- og framleiðniverkefni

Framleiðnisjóður styrkti rannsókn- og þróunarverkefni af ýmsum toga í tölverðu mæli, enda eftirspurn eftir stuðningi við slík verkefni mikil. Stærstu verkefni í þessum flokki á árinu 2016, hvað fjárupphæð snerti, voru á eftirfarandi verksviðum:

- vegna þróunar bóluefnis gegn sumarexemi hjá Tilraunastöð HÍ á Keldum.
- vegna þróunar á kynbótamati á vegum Bændasamtaka Íslands.
- vegna vitundar um vinnuvernd í landbúnaði á vegum Bændasamtaka Íslands.
- vegna margháttaðra rannsókna á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands.
- vegna uppbyggingar rannsóknainnviða hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.
- vegna stofnræktunar kartöfluútsæðis hjá Sambandi garðyrkjubænda.
- vegna úrvinnslu skógarafurða hjá Landssamtökum skógareigenda.

b) Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum

Á árinu 2016 miðaðist stuðningur Framleiðnisjóðs við nýsköpun og eflingu atvinnu á bújörðum sem fyrr við að hámarki 30% áætlaðs kostnaðar, allt að 3,0 m.kr. á býli. Samtals námu framlögin 47,6 m.kr. sem er talsvert hærri fjárhæð en árið á undan (sjá 4. töflu). Fleiri verkefni á vegum bænda voru studd eins og sjá má í 3. töflu, en þar er um að ræða verkefni sem fleiri aðilar (eða félög bænda) eiga hlut að eða varða óstaðbundna starfsemi en fela þó í sér áhugaverða nýsköpun í sveitum (flokkast sem A-mál).

c) Endurmenntun – námsstyrkir

Framleiðnisjóður hafði frumkvæði að því á árinu 2006 að koma á fót starfsmenntasjóði hjá Bændasamtökum Íslands. Taldi stjórn FL það eðlilegri skipan mála en að Framleiðnisjóður niðurgreiddi námskeiðsgjöld til búnaðarskólanna. Stjórn Bændasamtakanna setti starfsmenntasjóðnum starfsreglur í samráði við stjórn Framleiðnisjóðs sem á hinn bóginn leggur sjóðnum til fjármuni er ganga til þess að létta bændum og búaliði sókn til endurmenntunar. Greinargerð um Starfsmenntasjóð BÍ er í 8. kafla ársskýrslunnar. Framleiðnisjóður bauð fram sérstaka styrki til framhaldsnáms í búvísindum og samþykkti stjórn Framleiðnisjóðs 2 slíka styrki á árinu.

8. AF SÉRSTÖKUM VERKEFNUM FL

a) Starfsmenntasjóður BÍ

Starfsmenntasjóður BÍ, sem fjármagnaður er af Framleiðnisjóði eins og fyrr sagði, tók til starfa um miðbik ársins 2006. Mótaðar voru reglur um stuðning og þær kynntar, sjá m.a. www.bondi.is/landbunadur/. Skrifstofa Bændasamtaka Íslands annast rekstur sjóðsins í daglegri umsjón Sigríðar Þorkelsdóttur. Eftirfarandi er byggt á greinargerð hennar:

Á árinu 2016 bárust alls 160 umsóknir í sjóðinn, 162 voru afgreiddar með framlögum en hluti af þeim voru umsóknir frá 2015, og 9 eru í vinnslu um áramót.

1. tafla. Fjöldi umsókna um starfsmenntastyrki á árinu 2016 skipt eftir aðalbúgrein umsækjenda.

Búgrein	Fjöldi	Búgrein	Fjöldi
Sauðfjárrækt	68	Nautgriparækt	54
Loðdýrarækt	17	Skógrækt	1
Hrossarækt	4	Nýsköpun og hlunnindi	8
		Ylrækt/matjurtir	8

2. tafla

Rekstraryfirlit Starfsmenntasjóðs BÍ

Tekjur	2016	2006-2015
Framlag FL	4.700.000	39.800.000
Styrkveitingar	4.073.800	39.449.699
Rekstrarafgangur:	626.200	350.301
Ójafnað eigið fé 31.12.16	976.501	

SB 01.02.2017

b) Umsýsluverkefni

Þann 8. júlí 2014 var undirritað samkomulag um að Framleiðnisjóður landbúnaðarins tæki við umsjón með úthlutun styrkja til þróunarverkefna í sauðfjárrækt og nautgriparækt, samkvæmt ákvæðum búvörusamninga. Þessi verkefni voru áður í umsjón Bændasamtaka Íslands. Er þetta hluti af tilfærslu stjórnarsýsluverkefna landbúnaðarmála frá Bændasamtökunum til ríkisins með hliðsjón af álit Ríkisendurskoðunar varðandi þau málefni. Framleiðnisjóður auglýsir eftir styrkumsóknum en eftir sem áður eru það fagrað í viðkomandi búgrein sem veita umsögn um þær umsóknir sem berast. Sjóðurinn mun sjá um ráðstöfun fjármuna og eftirfylgni verkefna í samræmi við verklagsreglur Bændasamtaka Íslands og Framleiðnisjóðs.

Þróunarfé sauðfjárræktarinnar

Eftirfarandi verkefni hlutu styrk á árinu 2016. Greiðsla framlaga ræðst af framvindu verkefnis.

RML v/ auknar afurðir sauðfjár	8.820.000
RML v/ samanburðar mismunandi tæknilausna	1.500.000
RML afkvæmarannsóknir hrúta hjá bændum	2.000.000
RML v/ kaupa á ómsjá	500.000
RML v/ afkvæmarannsókna vegna sæðishrúta	312.000
Fræðafélag um forystufé v/ upplýsingabanka	1.000.000
LbhÍ v/ rannsókn á fósturláti hjá gemlingum	3.600.000
LbhÍ v/ fóðrun „aukalamba“ á gervimjólk, kjarnfóðri og beit	2.031.082
LbhÍ v/ rannsóknar á arfgengum galla frá hrúti	350.000
LbhÍ v/ áhrifaþátta á fj. lifandi fæddra lamba hjá gimbrum	1.500.000
Mátis v/ áhrifa kynbóta og meðferðar fyrir og eftir slátrun	5.000.000
	<hr/>
	26.613.082

Próunarfé nautgriparéktarinnar

Eftirfarandi verkefni hlutu styrk á árinu 2016. Greiðsla framlaga ræðst af framvindu verkefnis.

HÍ v/ frostþurrkun á ísl. skyr- og jógúrtafurðum	1.500.000
HÍ v/ þróun nýrrar næringarríkra mjólkurafurða	1.500.000
LbhÍ v/ hníslasóttar í unglálfum	2.000.000
RML v/ innleiðing á LEN management	2.835.000
LK v/ þróunar fjósbygginga og mjaltatækni 2015-2017	225.000
RML v/ samyrkjufjós	500.000
BÍ v/ myndun grunnerfðahóps	6.750.000
Nautgripamiðstöð Íslands	6.400.000
	<hr/>
	21.710.000

Próunarfé garðyrkjunnar

Þann 16. desember 2014 var undirritað samkomulag um að Framleiðnisjóður landbúnaðarins tæki við umsjón með úthlutun styrkja til kynninga-, rannsóknna-, þróunar- og endurmenntunarverkefna við framleiðslu garðyrkjuafurða. Þessi verkefni voru áður í umsjón Sambands garðyrkjubænda og Bændasamtaka Íslands. Framleiðnisjóður auglýsir eftir styrkumsóknum en eftir sem áður eru það fagrað í garðyrkju sem veitr umsögn um þær umsóknir sem berast. Sjóðurinn mun sjá um ráðstöfun fjármuna og eftirfylgni verkefna í samræmi við verklagsreglur Bændasamtaka Íslands og Framleiðnisjóðs.

RML v/ erlendra ráðgjafar 2016	15.471.788
Móðir Jörð ehf v/ ferðastyrks	150.000
Garðyrkjustöðin Heiðmörk v/ ferðastyrks	150.000
Garðyrkjustöðin Akur v/ ferðastyrks	150.000
Félag gulrófnabænda v/ fræðsluferðar til Noregs	1.800.000
Samband garðyrkjubænda v/ fræðsluferðar til Rússlands	1.500.000
Samband garðyrkjubænda v/ Bændur segja allt gott	1.000.000
LbhÍ v/ Seminar í notkun lífrænna varna	400.000
LbhÍ v/ ræktunar gróðurhúsajarðaberja að vetri	2.000.000
LbhÍ v/ áhrifa LED- ljósa	2.000.000
Sölufélag garðyrkjumanna ehf v/ kynningar á ísl grænmeti	2.500.000
LbhÍ v/ áhrifa ljósstyrks á vöxt og gæði „everbearers“	3.000.000
Samband garðyrkjubænda v/ kynningu á ísl. fánaröndinni	1.500.000
Grallaragerðin ehf v/ gulrófusíróps og gulrófuvodka	2.000.000
	<hr/>
	33.621.788

9. AÐ LOKUM

Umsóknir til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árinu 2016 voru sem fyrr fjölbreyttar að efni þótt því megi halda fram að nokkurrar einsleitni gæti frá einu ári til annars. Það breytir ekki því að umsóknirnar endurspeglar vilja umsækjenda til framþróunar í greininni sem og til atvinnuefningar og nýsköpunar í sveitum. Einnig ber að hafa í huga að allri nýsköpun fylgir áhætta sem jafnan liggur að stærstum hluta hjá þeim sem

fyrir henni standa og ætla að hafa af henni viðurværi. Mikilvægi þess að vandað sé til undirbúnings skyldi ekki vanmeta, því eitt er að fá hugmynd og forma hana á blað; annað að framkvæma og fylgja hugmyndinni eftir.

Í hálfra öld hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins verið nýsköpunar- og þróunar- sjóður landbúnaðarins. Mörg störf hafa orðið til í sveitum fyrir tilstuðlan fjárfestinga- stuðnings frá sjóðnum og ný tækifæri skapast vegna afraksturs rannsóknastarfs sem notið hefur stuðnings hans. Nauðsynlegt er að grípa öll tækifæri sem dreifbýlinu bjó- ðast til uppbyggingar atvinnulífs. Starf sjóðsins hefur á undanförunum árum sannað sig hvað það snertir. Nefna má uppbyggingu ferðaþjónustu, ýmiskonar heimavinnslu afurða, smávirkjana og á mörgum fleiri sviðum. Öflugt rannsóknar-, nýsköpunar- og þróunarstarf er öllum atvinnugreinum nauðsynlegt, þar er landbúnaðurinn ekki und- anskilinn. Hér hefur Framleiðnisjóður mikilvægu hlutverki að gegna til framtíðar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins þakka öllum þeim, sem í hlut eiga, góð og gagnleg samskipti á árinu 2016.

3. tafla. Framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til rannsóknar- og þróunarverkefna og fræðslutengdra viðfangsefna á árinu 2016.

Nafn ábyrgðaraðila	Verkefni	Upphæð
Rannsóknar- og þróunarverkefni		
RORUM ehf	Nýtanlegt þang í Húnaflóa	2.000.000
MýSköpun ehf	Fjölnýting jarðvarma við ræktun þörungna og hagnýting lífefna þeirra	2.000.000
Náttúrustofa Suðausturlands	Uppskerutap vegna ágangs gæsa í ræktarlönd í A-Skaft 2016	1.000.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	Þróun bóluafna gegn lungnasjúkdómum í íslensku sauðfé (framh.)	1.500.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	Sumarexem í íslenskum hestum	1.600.000
Matís ohf	Gerjaðar hrápylsur úr kinda- og hrossakjöti	2.500.000
Samband garðyrkjubænda	Stofnræktun kartöfluútsæðis	4.600.000
Hólaskóli	Áhrif holdastigs ísl. hesta á efnaskipti, þrek o.fl	2.000.000
Landssamtök Skógareigenda	Úrvinnsla á skógarafurðum (framh.)	2.000.000
Landssamtök Skógareigenda	Hraðrækt jólatrjáa á ökrum (framh.)	3.000.000
Norðurlandsskógar	Gæða- og árángursmat á landsvísu (framh.)	2.000.000
Landgræðsla ríkisins	Varnir gegn brandyglu í garðyrkju (framh.)	1.000.000
Bændasamtök Íslands	Þróun á kynbótamati íslenska hestsins	3.500.000
Bændasamtök Íslands	Þróun á yfirlitssíðum í Jörð.is	1.500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Langtímaáhrif kúamykju á jarðveg og gróðurfar (framh.)	1.500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Íslandsbygg 2.0 (framh)	8.100.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Mat á norræna rauðsmárasafninu (framh.)	400.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Yndisgróður 2 (framh.)	1.500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Þjónustugreiningar á jarðvegi	750.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Aukin þekking og notkun á skjólbeltum með fjölbreyttu tegundavali	1.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	Uppbygging rannsóknarinnviða hjá LbhÍ	6.000.000
Háskóli Íslands	Rannsókn á sauðfjárbeit	1.200.000
		50.650.000
Fyrirtæki o.fl. í dreifbýli		
Leggur og Skel ehf	Sláturhús og kjötvinnsla í Önundarfirði	750.000
		750.000
Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf		
Kári Gautason	Styrkur til framhaldsnáms (Master)	600.000
Jón Hjalti Eiríksson	Styrkur til framhaldsnáms (Master)	600.000
Búnaðarsamband S-Þingeyinga	Efling heimavinnslu afurða í Þingeyjarsýslu	1.500.000
Búnaðarsamband S-Þingeyinga	Heimaslóð	2.500.000
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf	Efling ráðgjafarþjónustu RML gegnum erlenda sérfræðiráðgjafa	2.500.000

Samband garðyrkjubænda	Efling á faglegum stuðningi við garðplöntu- og blómaræktendur	2.000.000
Hólaskóli	Endurskoðun á knapamerkjum 4 og 5	2.000.000
Bændasamtök Íslands	Vitund um vinnuvernd í landbúnaði	2.000.000
Bændasamtök Íslands	Innleiðing á hugbúnaðinum JÖRÐ fyrir garðyrkjubændur	1.500.000
Bændasamtök Íslands	Nýtt fræðsluefni fyrir vefinn Bondi.is	2.500.000
Bændasamtök Íslands	Varðveisla greinasafns landbúnaðarins	2.500.000
		20.200.000
Verkefni á lögbýlum		
Nýsköun og efling atvinnu á bújörðum	Sjá 4. töflu	47.600.000
	Samtals verkefnaráðstöfun á árinu 2016	119.200.000

4. tafla. Framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til atvinnueflingar og þróunar á bújörðum 2016, sjá 7. kafla b hér að framan.

Nafn/nöfn	Býli	Sýsla	Verkefni	Upphæð
Eiríkur Blöndal	Jaðri	Borg	Kornþurrkari	3.000.000
Ingibjörg Pálsdóttir	Fossatúni	Borg	Ferðaðþjónusta	1.500.000
Sleggjulækur ehf	Refsstöðum	Borg	Ferðamannafjós	3.000.000
Félagsbúið Miðhrauni II	Miðhrauni II	Snæf	Alginat verksmiðja	3.000.000
Jóhann P. Ágústsson	Brjánslæk	Barð	Heimavinnsla afurða	3.000.000
Guðmundur Valgeir Magnússon	Kirkjuból	Ísafj	Smávirgjun	2.000.000
Heimafengið ehf	Bólstaðarhlíð 1	A-Hún	Heimavinnsla afurða	3.000.000
Friðrik Ingólfur Helgason	Dýrfinnustöðum	Skag	Bleikjueldi	3.000.000
Þröstur Heiðar Erlingsson	Birkihlíð	Skag	Heimavinnsla afurða	3.000.000
Höfuðreiðar ehf	Skógum II	S-Þing	Ferðaðþjónusta	2.000.000
Guðbergur E. Eyjólfsson	Brúnagerði	S-Þing	Húsdýragarður	3.000.000
Böðvar Baldursson	Yzta-Hvammi	S-Þing	Ferðaðþjónusta	2.000.000
Fjalladrottningar ehf	Grímsungu	N-Þing	Ferðaðþjónusta	2.000.000
Helgi Þorsteinsson	Ytri-Nýpum	N-Múl	Æðardúnshreinsun	3.000.000
Halldór Georgsson	Síreksstöðum	N-Múl	Ferðaðþjónusta	1.100.000
Strandarhöfuð ehf	Strandarhöfði	Rang	Tamninga- og kennsluaðstaða	2.000.000
Sigurður Torfi Sigurðsson	Stokkeyrarseli	Árn	Fræðslutengd ferðaðþjónusta	3.000.000
Gamla laugin ehf	Hvammi I	Árn	Gamla laugin á Flúðum	3.000.000
Svava Þorleifsdóttir	Hverabakka II	Árn	Hvera-Humlar	2.000.000
				47.600.000

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársreikningur 2016

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnenda	13
Áritun endurskoðenda	14
Rekstrarreikningur	15
Efnahagsreikningur	16
Sjóðstreymi	17
Skýringar	18-20

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Á árinu 2016 var tekjuhalli af rekstri Framleiðnisjóðsins 7,2 m.kr. Eignir samtals eru 237,1 m.kr. í árslok. Skuldir samtals eru 174,9 m.kr. og eigið fé 62,2 m.kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. febrúar 2017

í stjórn



Elín Aradóttir
formaður





Guðný Helga Björnsdóttir



Jóhannes Ríkharðsson



Þórhildur Þorsteinsdóttir
framkvæmdastjóri

Sveinn Rúnar Ragnarsson


Eiríkur Blöndal

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.


Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins á árinu 2016, efnahag 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 20. febrúar 2017



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi



Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2016

Framlög	Skýr.	2016	2015
Fengin framlög:			
Framlag ríkissjóðs skv. búnaðarlagasamningi.....		116.000.000	101.000.000
Fengin framlög		<u>116.000.000</u>	<u>101.000.000</u>
Veitt framlög:			
Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf.....	6	20.200.000	9.300.000
Rannsóknir og þróun.....	7	50.650.000	57.080.000
Fyrirtæki og verkefni í dreifbýli.....	8	750.000	4.650.000
Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda.....	9	47.600.000	36.080.000
Fyrnd framlög.....	10	(6.750.000)	(18.350.000)
Veitt framlög		<u>112.450.000</u>	<u>88.760.000</u>
Fengin framlög umfram veitt		3.550.000	12.240.000
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur.....		8.361.212	6.892.721
		<u>8.361.212</u>	<u>6.892.721</u>
Rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld.....	11	14.333.327	13.455.479
Annar rekstrarkostnaður.....	12	4.779.716	4.835.527
		<u>19.113.043</u>	<u>18.291.006</u>
Tekjuafgangur (-halli) ársins		<u>(7.201.831)</u>	<u>841.715</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr.	2016	2015
Veltufjármunir			
Ríkissjóður		10.200.000	0
Innstæður í lánastofnunum.....	2	<u>226.884.424</u>	<u>212.185.435</u>
Eignir alls		<u><u>237.084.424</u></u>	<u><u>212.185.435</u></u>
 Skuldir og eigið fé			
Aðrar skuldir			
Óhafin framlög.....	4	80.735.000	71.166.000
Umsýslufé.....	5	93.479.759	71.042.078
Ýmsar skammtímaskuldir.....		679.552	585.413
	Skuldir	<u>174.894.311</u>	<u>142.793.491</u>
Eigið fé			
Eigið fé.....	3	<u>62.190.113</u>	<u>69.391.944</u>
	Eigið fé	<u>62.190.113</u>	<u>69.391.944</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u><u>237.084.424</u></u>	<u><u>212.185.435</u></u>

Sjóðstreymi árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Handbært fé frá rekstri:			
Tekjuafgangur	(7.201.831)	<u>841.715</u>	
Veltufé frá rekstri	(7.201.831)	<u>841.715</u>	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímafröfur, (hækkun) lækkun.....	(10.200.000)	0	
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	<u>32.100.820</u>	<u>50.060.985</u>	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	<u>21.900.820</u>	<u>50.060.985</u>	
Handbært fé frá rekstri	14.698.989	50.902.700	
(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....	14.698.989	50.902.700	
Handbært fé í ársbyrjun.....	<u>212.185.435</u>	<u>161.282.735</u>	
Handbært fé í lok ársins	<u><u>226.884.424</u></u>	<u><u>212.185.435</u></u>	

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Handbært fé

2. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast óbundnar bankainnstæður sjóðsins.

Eigið fé

3. Yfirlit um breytingar á eigin fé

Bókfært eigið fé í ársbyrjun	69.391.944
Tekjuafgangur ársins	(7.201.831)
Eigið fé í árslok	<u>62.190.113</u>

4. Óhafin framlög

Óhafin framlög í árslok 2016 greinast þannig:

Framlög samþykkt á árinu 2014 og fyrr.....	8.210.000
Framlög samþykkt á árinu 2015.....	11.500.000
Framlög samþykkt á árinu 2016.....	61.025.000
Samtals	<u>80.735.000</u>

5. Umsýslufé

Framleiðnisjóði hefur verið falin fjármálaumsýsla vegna aðlögunarsamnings garðyrkju. Á árinu 2014 bættust við tvö önnur verkefni sem varða þróunarfé sauðfjárræktar og nautgriparæktar.

Aðlögunarsamningur garðyrkju.....	18.783.747
Þróunarfé sauðfjárræktar.....	40.186.787
Þróunarfé nautgriparæktar.....	34.509.225
	<u>93.479.759</u>

Skýringar

Sundurliðanir úr rekstrarreikningi

6. Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf

Framlög vegna fræðslu, endurmenntunar og ráðgjafar hækka um 10,9 m.kr. frá fyrra ári.

	2016	2015
Styrkir til framhaldsnáms.....	1.200.000	3.600.000
Atvinnu- og nýsköpunarnámskeið.....	1.500.000	0
Ýmis fræðsla og ráðgjöf.....	17.500.000	5.700.000
	20.200.000	9.300.000

7. Rannsóknar- og þróunarverkefni

Framlög til rannsóknar- og þróunarverkefna lækka um 6,4 m.kr. frá fyrra ári eða um 11,3%

Þróunarverkefni búgreina

Sauðfjárrækt.....	2.700.000	0
Naurgriparrækt.....	0	4.900.000
Hrossarrækt.....	5.500.000	1.800.000
Skógrækt og landgræðsla.....	10.500.000	12.300.000
Stofnrækt kartaflna.....	4.600.000	4.500.000
Hlunnindi.....	4.000.000	0
Ýmis búgreinaverkefni.....	0	7.000.000
	27.300.000	30.500.000

Ýmsar fagrannsóknir

Ræktunar-, jarðvegs- og gróðurannsóknir.....	2.650.000	2.080.000
Matvæla- og búaþæknirannsóknir.....	2.500.000	4.500.000
Erfða- og líffræðirannsóknir.....	1.600.000	3.300.000
Kornkynbætur og rannsóknir.....	8.100.000	7.200.000
Ýmis rannsóknar- og þróunarverkefni.....	1.000.000	9.500.000
Stofnbúnaður til rannsókna.....	7.500.000	0
	23.350.000	26.580.000
Rannsóknar- og þróunarverkefni alls	50.650.000	57.080.000

8. Fyrirtæki í dreifbýli

Framlög í þennan flokk lækka samtals um 3,9 m.kr. frá fyrra ári.

Vegna ýmissa bændaverkefna	0	650.000
Vegna ýmissa fyrirtækja.....	750.000	4.000.000
	750.000	4.650.000

Skýringar

9. Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda

Framlög til nýsköpunar á bújörðum og verkefna á vegum bænda hækka um 11,5 m.kr. milli ára eða um 31,9%.

	2016	2015
Ferðapjónusta.....	20.600.000	18.400.000
Fiskeldi.....	3.000.000	0
Tamningaaðstaða.....	2.000.000	0
Smávirkjanir og hitaveitur.....	2.000.000	5.480.000
Iðn- og handverksaðstaða.....	3.000.000	2.800.000
Aðstaða vegna heimavinnslu afurða.....	9.000.000	8.400.000
Önnur verkefni á vegum bænda.....	8.000.000	1.000.000
	47.600.000	36.080.000

10. Fyrnd framlög

Hér er um að ræða bakfærslu óhafinna framlaga sem samþykkt voru á árunum 2015 og fyrr en hafa ekki verið nýtt að neinu leyti.

11. Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður hækkar um 6,5% frá fyrra ári.

Stjórnarlaun.....	5.649.750	5.423.760
Laun.....	6.699.820	5.981.344
Launatengd gjöld.....	1.983.757	2.050.375
	14.333.327	13.455.479

12. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður lækkar um 1,5% frá fyrra ári.

Ferða- og fundakostnaður.....	2.063.979	1.832.144
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	1.224.067	1.195.488
Endurskoðun og gerð ársreiknings.....	642.000	578.600
Húsnæðiskostnaður.....	849.670	830.414
Gjaldfærður skrifstofubúnaður.....	0	398.881
	4.779.716	4.835.527